

### Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 22. október 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-22/2013:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 7. mars sl. bað X, eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á baðvaski, sem hann keypti í versluninni Y, en verslunin er rekin af Z. Álitsbeiðandi krefst nýrrar afhendingar og skaðabóta, en til vara riftunar og skaðabóta.

#### II

##### Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 11. mars sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 26. mars. Með bréfi, dags. 27. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 2. apríl. Með bréfi, dags. 9. apríl, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og bárust þau hinn 17. apríl. Með bréfi, dags. 19. apríl, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera frekari athugasemdir og frest til þess til 3. maí. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 15. október, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### III

##### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og göngum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 15. nóvember 2010 keypti álitsbeiðandi vaskeiningu af seljanda fyrir kr. 63.610. Samanstóð einingin af vaski og skáp. Innan við ári eftir að kaupin fóru fram kom sprunga í botn vasksins. Segist álitsbeiðandi hafa leitað til seljanda og hafi seljandi tjáð honum að slíkt hefði gerst með fleiri samskonar vaska þar sem þeir þyldu ekki heita vatnið á Íslandi. Hafi seljandi síðan fallist á að afhenda álitsbeiðanda nýjan vask sömu gerðar. Sé nýi vaskurinn stimplaður með framleiðsludagsetningu í apríl 2011.

Segir álitsbeiðandi að nýverið hafi hann síðan selt íbúðina þar sem vaskurinn sé staðsettur. Fyrir skömmu síðan, þ.e. tæpum þrem vikum eftir afhendingu íbúðarinnar, hafi nýi eigandi íbúðarinnar tilkynnt honum að vaskurinn væri aftur farinn að leka, á sama stað og áður. Hafi seljandi aftur ætlað að afhenda nýjan vask, en þegar enginn vaskur var til sem passaði ofan á skápinn hætti seljandi við að finna lausn á málinu og benti álitsbeiðanda á að leita réttar síns eftir örðum leiðum.

Gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi afhendi honum nýja vaskeiningu í stað þeirrar gömlu, en til vara að kaupunum verði rift, ásamt því að seljandi greiði sér skaðabætur vegna þess kostnaðar sem gallinn hafi valdið honum, þá aðallega við að fjarlægja og setja nýjan vask í.

#### IV

##### Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda er rakið að nokkrar handlaugar úr hertu gleri, samskonar þeirri sem álitsbeiðandi keypti, hafi sprungið. Tiltekur seljandi að líkleg ástæða þessa sé sú að í handlaugum sé botnventill eða tappi sem ekki sé ristur lagður og opinn heldur heill og úr málmi. Þegar slíkir tappar hitni ótæpilega t.d. þegar á þá rennur 80-85° heitt vatn og síðan

strax á eftir kalt vatn, geti þeir þanist út og valdið því að handlaugarnar sem umlykja þá springi. Segist seljandi hafa varað álitsbeiðanda við þessu a.m.k. þegar honum var afhent ný handlaug í seinna skiptið, engu að síður hafi tappinn enn verið í handlauginni þegar henni var skilað í annað skipti. Segir álitsbeiðandi að þegar fólk fari ekki að tilmælum eftir tjón, sé ekki hægt að gera meira fyrir það og hafnar því kröfum álitsbeiðanda.

## V

### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur fram að álitsbeiðandi telur að seljandi hafi í andsvörum sínum viðurkennt að umræddur vaskur sé gallaður. Þá gerir álitsbeiðandi athugasemdir við lýsingu seljanda á botntappa vasksins. Segir álitsbeiðandi að lýsingin geti ekki staðist þar sem hitabreytingar geta ekki valið því að tappinn þenjst það mikið út að það leiði til þess að vaskurinn brotni. Þá ætti að leiða af þessari fullyrðingu seljanda að sprungan í vaskinum byrjaði við gat handlaugarinnar, en það geri hún ekki. Telur álitsbeiðandi að ástæðuna fyrir því að vaskurinn sprakk megi rekja til hönnunargalla í vaskinum sjálfum, en botn vasksins sé flatur sem geri það að verkum að spenna myndast í honum við hitabreytingar. Þurfi hitabreytingarnar ekki að vera verulegar til þess að spennan myndist. Ítrekar álitsbeiðandi kröfur sínar á hendur seljanda.

## VI

### **Frekari andsvör seljanda**

Í frekari andsvörum seljanda er stuttlega gerð athugasemd um hitastig kranavatns og sú útskýring gefin að sölu á vöskum af umræddri tegund hafi verið hætt þar sem þeir hafi verið of dýrir fyrir núverandi aðstæður.

## VII

### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Ágreiningur aðila snýst sem fyrr segir um vaskeiningu sem álitsbeiðandi keypti af seljanda hinn 15. nóvember 2010 fyrir kr. 63.610. Ekki er deilt um að snemma á árinu 2011, líklega ekki seinna en í apríl það ár, skv. framleiðsludagsetningu á vaskinum, afhenti seljandi álitsbeiðanda nýjan vask í eininguna þar sem sá fyrri hafði brotnað. Í 27. gr. neytendakaupalaganna, nr. 48/2003, er fjallað um tímafresti neytenda til að bera fyrir sig galla, þar segir m.a. eftirfarandi:

„Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann var galla var.

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla í fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka ...“

Þegar álitsbeiðandi kvartaði til kærunefndarinnar hinn 7. mars sl. voru liðin rúmlega tvö ár og þrjú mánuðir frá því hann keypti umrædda vaskeiningu af seljanda. Hins vegar fór álitsbeiðandi fram á nýja afhendingu vegna galla á vaskeiningunni, að því er virðist síðar en í

apríl 2011. Þegar álitsbeiðandi kvartaði því hinn 7. mars sl., voru ekki liðin tvö ár frá því síðari afhending fór fram. Í skýringum á 27. gr. laganna, sem fylgdu frumvarpi til laga nr. 48/2003 um neytendakaup, segir orðrétt: „Rétt er að taka fram að hafi afhending að nýju í skilningi 29. gr. frumvarpsins átt sér stað byrjar nýr tveggja ára frestur að liða frá því tímamarki er hinum nýja hlut var veitt viðtaka.“ Til samræmis við þetta er það álit kærunevndarinnar að kvörtunarfrestur álitsbeiðanda vegna galla hafi ekki verið liðinn þegar álitsbeiðandi kvartaði undan galla hinn 7. mars sl..

Aðilar deila um það hvort vaskeiningin, nánar tiltekið vaskurinn, sé gallaður í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Fyrir liggur að vaskurinn brotnaði að því er virðist við eðlilega notkun. Aðilar hafa deilt um ástæður þessa en seljandi vill meina að hátt hitastig vatns hér á landi, í samspili við gerð botntappa vasksins hafi gert það að verkum að vaskurinn sprakk. Álitsbeiðandi hefur mótmælt þessum skilningi og telur að botntappinn eigi ekki sök á því að vaskurinn sprakk, heldur sé um að ræða hönnunargalla á vaskinum sjálfum.

Kærunevndin telur óhætt að álykta sem svo, hverjar svo sem nákvæmar ástæður eru fyrir því að vaskurinn sprakk, að hann hafi miðað við lýsingu beggja aðila alls ekki hentað til notkunar hér á landi, þar sem gera má ráð fyrir að rennandi hitaveituvatn geti verið afar heitt. Almennt séð verður að teljast undarlegt að hérlendis sé boðið upp á vöru til notkunar á heimilum sem þoli illa, eða alls ekki íslenskar aðstæður. Slíkt þarf þó ekki að leiða til þess í öllum tilvikum að slík söluvara sé haldin galla í skilningi laga, enda gætu bæði seljandi og kaupandi verið meðvitaðir um að varan sem gengi kaupum og sölum hentaði alls ekki í þeim tilgangi sem slíkar vörur eru almennt notaðar til. Sé vara hins vegar ill nothæf til þess brúks sem hún er ætluð og kaupanda er ekki gerð grein fyrir því við kaupin, getur varan aftur á móti talist gölluð í skilningi laga. Þannig teldist vaskur sá sem hér um ræðir ekki gallaður hefði hann verið seldur með þeim formerkjum að hann þyldi ekki vel venjulega notkun við íslenskar aðstæður. Ekkert er fram komið um að slíkur fyrirvari hafi verið gerður og telur kærunevndin því að vaskurinn verði að teljast gallaður í skilningi 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. og 15. gr. sömu laga.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Álitsbeiðandi í máli þessu krefst þess að seljandi afhendi sér nýja vaskeiningu skv. ákvæðum 29. og 30. gr., en að auki að seljanda verði gert að greiða sér skaðabætur skv. 33. gr. laganna vegna þess kostnaðar sem álitsbeiðandi hefur þurft að leggja út í vegna gallans, þá aðallega við að fjarlægja og setja upp nýja vaskeiningu.

Fram er komið að seljandi hefur hætt sölu vaskeininga af þeirri gerð sem deilt er um. Seljandi hefur hins vegar til sölu ýmsar aðrar gerðir vaskeininga og verður því að draga þá ályktun að honum sé tækt að afhenda álitsbeiðanda vaskeiningu, svipaða þeirri sem hann keypti af seljanda hinn 15. nóvember 2010. Með vísan til 1. mgr. 29. gr. laganna er það niðurstaða kærunevndarinnar að álitsbeiðandi eigi rétt á því að seljandi afhendi honum nýja vaskeiningu, svipaðrar gerðar og hann keypti. Skal afhendingin fara fram samkvæmt áðurnevndum lagaákvæðum, þ.e. innan hæfilegs tíma og án kostnaðar fyrir álitsbeiðanda. Hvað varðar skaðabótakröfu álitsbeiðanda má ætla að einhver kostnaður muni hljóta af því að skipta út vaskeiningunni, þá hefur álitsbeiðandi ekki gert reka að því að rökstyðja þá kröfu

frekar, né leggja fram gögn henni til stuðnings. Telur kærunefndin því ekki tilefni til að taka afstöðu til bótakröfu álitsbeiðanda.

**VIII**  
**Álitsorð**

Seljandi, Y, afhendi álitsbeiðanda, X, nýja ógallaða vaskeiningu svipaðrar gerðar og hann keypti 15. nóvember 2010.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir